

**Nd.**

**245. Nefndarálit**

[167. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 81 23. júlí 1974, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

Frá 2. minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Í frumvarpi þessu er tvennt á ferðinni. Annars vegar er lagt til að nýtt fiskverð verði ákveðið frá 21. nóvember 1984 þótt yfirstandandi verðlagstímabili sé ekki lokið. Hins vegar er ákveðið að nýtt fiskverð skuli gilda til 31. ágúst 1985 í stað 1. júní 1985 eins og orðið hefði ef venjuleg vinnubrögð við fiskverðsákvörðun hefðu verið viðhöfð.

Fyrri atriðið, þ. e. að endurskoða fiskverð nú þegar, er góðra gjalda vert með tilliti til mikilla kauphækkana í landi. Hins vegar er ljóst að þessi aðgerð út af fyrir sig breytir kjörum sjómanna óverulega því að þeir eiga einungis örfáa hundraðshluta óveidda af ársafla sínum. Einnig má telja líklegt að talsverður hluti þessa afla verði seldur erlendis á verði sem er alls óháð Verðlagsráði.

Um síðara atriðið, þ. e. lengingu gildistíma, er ýmislegt að segja.

Í fyrsta lagi er það ekki í samræmi við starfsreglur Verðlagsráðs sem mundi vafalaust hafa ákveðið nýtt fiskverð til 1. júní n. k. samkvæmt venju.

Í öðru lagi bindur ákvæðið kjör sjómanna mörgum mánuðum lengur en verið hefði með gildistíma til 1. júní n. k. og möguleika á uppsögn í mars eða apríl.

Loks er þetta ákvæði lýsandi dæmi um afskiptasemi löggjafans af kjarasamningum. Sjálfstæðisflokkurinn rifjar upp öðru hvoru að þessi afskipti séu röng og við sérstök tækifæri telur hann þau jafnvel af hinu illa. Núverandi ríkisstjórn hefur lýst þessu sama viðhorfi. Engu síður eru með þessu frv. lögð til aukin afskipti löggjafans af atvinnugrein sem nú þegar hefur lítið olnbogarými til eigin frumkvæðis.

Bandalag jafnaðarmanna hefur fyrir löngu lýst sig andvígnt þessum vinnubrögðum. Með fiskverðsákvörðun af þessu tagi er gert ráð fyrir meðaltalsafkomu í greininni í heild, afkomu sem ekki er til staðar hjá einstökum rekstrareiningum. Með fiskverðsákvörðun af þessu tagi er ákveðið lágmarksverð sem notað er til að reikna laun sjómanna en yfirborganir á fiskverðið, sem eru taldar mjög algengar, skila sér sjaldnast til þeirra.

Bandalag jafnaðarmanna hafnar þessum vinnubrögðum en telur að ákvörðun fiskverðs og launa eigi að vera án afskipta ríkisvalds og á ábyrgð samningsaðila sjálfra.

Undirritaður er andvígur þeirri afskiptasemi löggjafans sem þetta frv. er hluti af og mun því ekki greiða því atkvæði. Hins vegar má telja að við núverandi kerfi verði endurskoðun fiskverðs frá 21. nóvember s. l. einhverjum hluta sjómanna til hagsbóta. Undirritaður vill ekki standa gegn því að launafólk njóti þeirra kjara sem það á kost á og mun því sitja hjá við atkvæðagreiðsluna.

Alþingi, 10. des. 1984.

Guðmundur Einarsson.